

Dagsetning 26. nóvember 2013

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (hlutdeildarsetning úthafsrækju og rækju), 153. mál.

Byggðastofnun er eigandi aflahlutdeildar í úthafsrækju sem nemur 12,2% af heildaraflamarki í úthafsrækju, auk 4,25% hlutdeildar í s.k. Flæmingjarækju sem veidd er við Nýfundnaland. veiðiheimildir þessar eignaðist stofnunin við gjaldþrot fyrirtækja í veiðum og vinnslu rækju sem voru í lánsviðskiptum við stofnunina, en algert hrun hafði þá orðið í greininni vegna erfiðra aðstæðna á mörkuðum, aflabrests, olíuverðshækkana og fleiri þátta sem allir urðu á tiltölulega stuttum tíma.

Erfitt er að leggja mat á mögulegt verðmæti þessara veiðiheimilda, enda hafa slíkar veiðiheimildir ekki verið söluvara á markaði um margra ára skeið.

Af framangreindu leiðir að Byggðastofnun hefur verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af ráðstöfun veiðiheimilda í úthafsrækju, og þykir því ekki rétt að hún veiti sérstaka umsögn um þingmál þetta.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði
Byggðastofnunar.